

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 178
2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum 15. ágúst
þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. ágúst 1950.

F. h. r.

Gunnl. E. Briem.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Einars Magnússonar 179
og Matthildar Finnsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmála- 25. ágúst
ráðherra 25. ágúst 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Einars Magnússonar og Matthildar Finnsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf hreppsbúa í Gerðahreppi að upphæð 600 kr. í peningum, til minningar um hjónin Einar Magnússon og Matthildi Finnsdóttur, kennara við barnaskólann í Gerðum í Garði í Gullbringusýslu, og nefnist Minningarsjóður Einars Magnússonar og Matthildar Finnsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 600 kr., sem um getur í 1. gr., ásamt vöxtum og öðru, sem honum kann að áskotnast á annan hátt.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast á tryggan hátt undir umsjón nefndar, er skipa sóknarpresturinn á Útskálum, barnaskólastjórinn í Gerðaskóla, eða þess skóla, sem koma kynni í hans stað, og hreppstjórans í Gerðahreppi, og er sóknarpresturinn oddviti nefndarinnar og geymir skilríki sjóðsins.

4. gr.

Sjóðstofninn má aldrei skerða og skulu allir vextir lagðir við hann þangað til hann er orðinn 3000 kr. Eftir það skal $\frac{1}{4}$ hluti ársvaxtanna lagður við höfuðstól, en nefndin veita $\frac{3}{4}$ hluta vaxtanna efnilegu barni, sem lokið hefur fullnaðarprófi í skólanum, til styrktar framhaldsnámi, og sitji að öðru jöfnu fyrir það barn, sem fátækara er.

5. gr.

Ef ár fellur úr, að styrkur sé veittur, má nefndin leggja saman fleiri en eins árs styrkvexti til að veita einu barna, og verði styrkurinn þá til fyllri nota. Eins má hún veita styrkinn fleiri börnum en einu, þegar sjóðurinn er orðinn það stór, að hún telur það geta komið að tilætluðum notum.

6. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins skal við hver árslok gera ársreikning hans og birta reikninginn á þann hátt, er nefndarmönnum kemur saman um.

Gerðum, 1940.

Einar Magnússon.

Matthildur Finnsdóttir.